

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg.

Lágengi 2-20, deiliskipulag íbúðargötu.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti 17. janúar 2024, í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, nýtt deiliskipulag sem tekur til götunnar Lágengis 2-20 á Selfossi. Meginmarkmið deiliskipulagstillögunnar er að gert sé deiliskipulag fyrir götulínuna á fyrrgreindum húsum við Lágengi, og þá sérstaklega vegna lóðar nr. 10. Lóðin Lágengi 10 er 750 m² að stærð. Gert er ráð fyrir að heimilt verði að byggja á umræddri lóð allt að 225 m² einbýlishús, með eða án bílskúrs, og er þá miðað við nýtingarhlutfallið 0,3. Mesta leyfilega vegg hæð verður 4 m og hámarks mænishæð 6 m. Tillagan er í samræmi við aðalskipulag Sveitarfélagsins Árborgar 2020-2036.

Reyrhagi 2-20, deiliskipulag íbúðargötu.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti 17. janúar 2024, í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, nýtt deiliskipulag sem tekur til götunnar Reyrhaga 2-20 á Selfossi. Meginmarkmið deiliskipulagstillögunnar er að gert sé deiliskipulag fyrir götulínuna á fyrrgreindum húsum við Reyrhaga, og þá sérstaklega vegna lóðar nr. 8. Lóðin Reyrhagi 8 er 584 m² að stærð. Gert er ráð fyrir að heimilt verði að byggja á umræddri lóð allt að 172,5 m² einbýlishús, með eða án bílskúrs, og er þá miðað við nýtingarhlutfallið 0,3. Mesta leyfilega vegg hæð verður 4 m og hámarks mænishæð 6 m. Tillagan er í samræmi við aðalskipulag Sveitarfélagsins Árborgar 2020-2036.

Ofangreindar deiliskipulagstillögur hafa hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Selfossi, 15. apríl 2024.

F.h. bæjarstjórnar,

Rúnar Guðmundsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 30. apríl 2024